



Alþýðusamband Íslands

Vinnumarkaður og jafnrétti

Stefna í vinnumarkaðsmálum

Nefnd sem skipuð var til að móta vinnumarkaðsstefnu og fjalla um skipulag vinnumarkaðsmála skilaði félags- og húsnaðismálaráðherra [tillögum sínum](#) í júní 2015.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar til ráðherra er gert ráð fyrir að vinnumarkaðsstefnan taki til árána 2015–2020 en verði endurskoðuð og uppfærð í lok árs 2018.

Tillögur nefndarinnar eru tvíþættar. Annars vegar samstaða um helstu einkenni skipulags á vinnumarkaði hér á landi; mikilvægi samtaka launafólks og atvinnurekenda; kjarasamninga sem grundvöll ákvarðana á vinnumarkaði og þríhliða samstarf um réttindi og velferð launafólks. Hins vegar vinnumarkaðsstefna með áherslu á mikla atvinnuþátttöku og möguleika einstaklinga; jafnrétti og jafna möguleika og virkar vinnumarkaðsaðgerðir; aukið menntunarstig á vinnumarkaði; aukin tengsl menntunar við vinnumarkaðinn og að draga úr kynbundnu náms- og starfsvali. Jafna meðferð þátttakenda á vinnumarkaði og launajafnrétti meðal kvenna og karla; eflingu og aukið samstarf um vinnumarkaðsrannsóknir. Markmiðunum fylgja 25 tillögur að aðgerðum.

Þetta er í fyrsta skipti sem sett er fram heildstæð stefna um skipulag á vinnumarkaði og vinnumarkaðsmál á Íslandi með aðild samtaka á vinnumarkaði og fulltrúa stjórnmalaflokka og félagasamtaka. Niðurstöður nefndarinnar falla í öllum helstu atriðum vel að stefnu og áherslum Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess. Þá má benda á að samkvæmt tillögunum á ASÍ beina og óbeina aðkomu að aðgerðunum 25. Margt af því sem lagt er til er þegar komið í ákveðinn farveg og vinnslu en annað þarf að vinna frá grunni. Markmiðið er að stuðla að velferð fólks á vinnumarkaði og tryggja atvinnuþátttöku sem flestra.

Stefnumótunarvinnan var unnin í víðtæku samráði, þar sem í nefndinni áttu sæti fulltrúar samtaka launafólks, atvinnurekenda, sveitarfélaga, stjórnmalaflokka, ráðuneyta og félagasamtaka.

Undirboð á vinnumarkaði og svört atvinnustarfsemi

Þensla í íslensku atvinnulífi síðustu misseri hefur kallað á mikla fjölgun erlends launafólks á vinnumarkaði og fyrir séð er að sú fjölgun mun halda áfram á næstu árum. Samhliða hefur brotastarfsemi sem einkum beinist gegn útlendingum og ungu fólki, farið hraðvaxandi. Verst

er ástandið í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og ferðaþjónustunni. Í mörgum tilfellum er um einbeitta brotastarfsemi atvinnurekenda að ræða og í versta falli hreint vinnumansal. Alþýðusambands Íslands hefur hrint af stað sérstöku samstarfsverkefni Alþýðusambandsins og aðildarsamtakanna sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, með sérstakri áherslu á að verja réttindi útlendinga sem hingað koma til starfa og ungs fólks. Yfirskrift verkefnisins er [EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!](#) Lögð er áhersla á að skipuleggja og efla eftirlit á vinnustöðum og hafa verið ráðnir nokkrir eftirlitsfulltrúar sem sinna þessu verkefni í fullu starfi eða með öðrum verkefnum. Jafnframt hefur verið tekið upp samstarf við opinberar stofnanir um vinnustaðaeftirlitið og eftirfylgni með því. Einnig hefur verið lögð áhersla á að útbúa og dreifa kynningarefni til [erlends launafólks](#) og [atvinnurekenda](#) og sett upp sérstök vefsíða: [ekkert svindl.is](#) sem sérstaklega er ætluð ungu fólki.

Krafan um jafnrétti á vinnumarkaði

Rannsóknarskýrslan [Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði – staðreyndir og staða þekkingar](#) er yfirgripsmikil skýrsla sem gefin var út í maí 2015. Helstu niðurstöður er að finna á síðum 151 – 153 og efnisyfirlit er á bls. 3 – 4.

Skýrslan staðfestir að staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði er ólík þótt framfarir hafi orðið í jafnréttisátt. Fram kemur m.a. að konur séu líklegri til að vinna hlutastörf og hverfi frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Einnig kemur fram að vinnuveitendur séu tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna og í ljós kemur að körlum er oftast boðinn hærri laun. Tekjur kvenna endurspeglast í lægri lífeyrisgreiðslum sem að stórum hluta eru greiddar úr sameiginlegum sjóðum.

Í íslenskum og norrænum rannsóknum kemur fram að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun og er því mikilvægt að skoða til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að draga úr kynskiptingu vinnumarkaðarins og einnig þarf að jafna laun milli atvinnugreina. Nauðsynlegt er að upplýsa fólk um valkosti um nám og störf fyrir utan hin hefðbundnu kynjahlutverk, hér verður að hugsa til lengri tíma ef varanlegur árangur á að nást og þá er mikilvægt að tengja menntakerfið þar inn, þar sem tímabundið átak skilar einungis tímabundnum árangri.

Atvinnuþátttaka hér á landi er eins sú mesta sem mælist meðal OECD-ríkjanna. Vinnuvikan hér á landi er löng, karlar í fullu starfi vinna að meðaltali 47 klukkustundir á viku og konur 42. Sveigjanleiki getur ýtt undir fjölskylduvæna vinnumenningu, en rannsóknir benda til þess að í einhverjum tilfellum risti jákvæðni yfirmanna og starfsfólks gagnvart sveigjanleika ekki djúpt. Í skýrslunni er lagt til að gerð sé rannsókn á því hvar fjölskyldustefna sé við lýði, hvernig henni sé fylgt og hvaða áhrif hún hefur á líðan starfsmanna og afköst á vinnustað og þar með framleiðni viðkomandi vinnustaðar.

Staða og þróun jafnréttismála

Fyrir jafnréttisþing sem haldið var í nóvember 2015 var gefin út [skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála](#). Skýrslan er óvenju viðamikil en margir kaflar byggja á rannsóknarskýrslunni um stöðu karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði sem nefnd er hér að ofan.

Í skýrslunni er fjallað um stöðu kvenna og karla á öllum helstu sviðum samfélagsins 2013-2015. Skýrslan spannar að venju vítt svið en þess má geta að í tilefni af 100 ára afmælisári kosningaréttar íslenskra kvenna er í innganginum sérstaklega fjallað um völd og áhrif karla og kvenna í samfélaginu, á vinnumarkaði, í stjórnmálum og í efnahagslífi.

Í skýrslunni er einnig að finna umfjöllun um *Jafnlaunastaðalinn* (bls. 60 – 63) og í beinu framhaldi *samantekt um nýtingu á rétti til fæðingarorlofs*. (bls. 64 – 70). Að lokum má geta þess að sérstaklega er fjalla um fjölmiðla og stöðu kvenna þar.

Endurreisn fæðingarorlofskerfisins

Núverandi fæðingarorlofslöggjöf er frá árinu 2000 ([lög nr. 95/2000](#)), en frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á upphæðum greiðslna og viðmiðunartímabila varðandi meðallaun og tíma til að taka orlof.

Fæðingarorlofið hér á landi hefur verið mörgum fyrirmynd vegna mikillar þátttöku feðra, en á því hefur orðið breyting undanfarin ár. Þátttaka feðra hefur dregist saman og framkvæmd fæðingarorlofsins verið gagnrýnd harðlega, sérstaklega hvað varðar upphæðir greiðslna. Breytingar á hámarkgreiðslum hafa haft þær afleiðingar að sífellt færri feður nýta sér 3 mánaða rétt sinn og fleiri mæður nýta sinn rétt og sameiginlegan rétt. Því hefur verið haldið fram að fæðingarorlofslögin og sérstakur réttur feðra sé eitt stærsta framfaraskerf í jafnréttisbaráttunni hér á landi síðustu áratugi.

Ár	Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	Hlutfall feðra minna en þrír mánuðir	Hlutfall feðra meira en þrír mánuðir
2008	90,0%	22,0%	23,0%
2014	80,0%	40,0%	13,0%

Heimild: Vinnumálastofnun/fæðingarorlofssjóður

Þessi þróun er andstæð þeim markmiðum laganna að gera bæði kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og veita börnum möguleika á að njóta samvista við báða foreldra sína á fyrstu mánuðum ævinnar. Leiða má að því líkur að feður sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs taki meiri þátt í lífi barna sinna þegar frá líður en þeir sem ekki nýta sér þennan rétt. Einnig leiða líkur til þess að almenn nýting feðra á rétti sínum verði til þess að auka jafnrétti inni á heimilum, s.s. verkaskipting á heimilisstörfum sem getur með tímanum leitt til viðhorfsbreytinga í samfélaginu.

Í apríl sl. skilaði starfshópur skipaður fulltrúum stjórnvalda og aðilum vinnumarkaðaarins tillögum um [Framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum](#). Helstu niðurstöður voru:

- Foreldrar fá fyrstu 300.000 kr. af viðmiðunartekjum óskertar
- Foreldrar fá 80% af viðmiðunartekjum sem eru umfram 300.000 kr.
- Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði verðir 600.000 kr.
- Samanlagður réttur foreldra verði 12 mánuðir. Skipting 5+5+2

Norrænar áherslur og samstarf

Norræna ráðherranefndin fól Poul Nielson að vinna stefnumótandi [úttekt á norrænum vinnumarkaðsmálum](#). Haft var samráð bæði við Norræna verkalýðssambandið – NFS og ASÍ við þessa vinnu. Niðurstaðan er að þau viðfangsefni sem liggja fyrir á norrænum vinnumarkaði, auk menntunar og færni vinnandi fólks, snúa að vinnuumhverfi, fólksflutningum og jafnrétti. Samkvæmt skýrslunni eiga norrænu löndin að nýta sér sameiginlegar lausnir á þessum sviðum í auknum mæli og njóta góðs af samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við alþjóðlega aðila og norræna aðila á vinnumarkaði. Bæta þarf sálfélagslegt vinnuumhverfi m.a. með tilliti til eineltis og kynferðislegs áreitis, auk rannsókna og lagaramma þar að lútandi. Mælt er með því að Norðurlöndin kanni þann möguleika að samræma nálgun sína á þessu sviði.

Í skýrslunni er fullyrt að á tímum stóraukinna fólksflutninga eigi Norðurlönd að hlúa að grunngildum norræna vinnumarkaðslíkansins. Það sé mikilvægt frá sjónarmiði jafnréttis, einkum hvað viðkomi konum úr röðum innflytjenda. Með tilliti til aðlögunar sé afar mikilvægt að innflytjendur á Norðurlöndum fái skjóta og góða fræðslu um vinnumarkaðinn, þannig megi nýta þá auðlind sem falist getur í auknum innflutningi fólks.

Í skýrslunni segir að á heildina litið eigi að leggja meiri áherslu á jafnrétti á hinum ýmsu sviðum norræns vinnumarkaðssamstarfs.